

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	30.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10, 101 - R	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	381456,135 435175,315

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit, ein ábending er sett fram er varðar skil á umhverfisupplýsingum.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi olíubirgðastöðvar Olíudreifingar í Hvalfirði. Eftirlitið er framkvæmt á grundvelli 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunaryfnaeftirlit. Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Þrýstiprófanir á lögnum
- Olíustrimlar
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Í olíubirgðastöðinni er heimild fyrir geymslu á allt að 133.000 m³ af olíu og bensíni og ofanjarðar á Litla Sandi í hverjum geymi allt að 6.850 m³ og neðanjarðar á Digralæk 1 allt að 12.700 m³ af olíu í hverjum geymi. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu.

Rekstraraðili fór yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, þ.m.t. skráningar í rekstrarhandbók.

Rætt var um notkun olíustrimla til mælinga á olíu í fráveitu.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Athafnasvæðið var snyrtilegt og vel skipulagt og ekki tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 fyrir 1. maí 2026, sbr. rg. 205/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.12.2025

Sigríður Magnúsdóttir